

True North ehf,
Þór Kjartansson
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Ísafjörður 03. ágúst 2016
UST201607-142/J.S.J.
09.06.01

Friðlandið á Hornströndum – Umsókn um leyfi til ljósmynda- og kvikmyndatöku

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi Þórs Kjartanssonar, fyrir hönd True North, dags. 11. júlí. 2016, vegna fyrirhugaðra ljósmynda- og kvikmyndatöku innan friðlandsins á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðland skv. auglýsingu um friðland á Hornströndum, nr. 332/1985 í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt auglýsingunni er skylt að ganga þannig um að ekki sé spilt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Í 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal ávallt gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.

Lýsing framkvæmdar:

Stefnt er að ljósmyndatökum á tímabilinu 26-31. ágúst úr þyrlu og af jörðu niðri, þ.e. myndum úr lofti af Hornbjarginu og af jörðu niðri í Miðdalnum. Engan sérstakan búnað þarf að koma fyrir annan en venjulegur þrífótur og myndavél í Miðdalnum sem snýst um og tekur 360 myndir á nokkrum stöðum. Yrðu tveir menn með leiðsögumann með sér sem myndu sjá um að mynda á jörðu niðri.

Stefnt er að nota þyrlu til að flytja menn í Hornvík. Þeir myndu síðan ganga upp í Miðdal og gista í tjaldi ef ekki yrði hægt að sækja þá í lok dags á þyrlu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að það hvernig til tekst um áhrif fyrirhugaða ljósmynda- og kvikmyndatöku innan friðlandsins á Hornströndum, sé háð því hvernig staðið verði að aðflugi inn og út af svæðinu. Óhjákvæmilegt verði að nokkurt ónæði mun hljóttast af yfirflugi þyrlu á lífríki, landeigendur og gesti svæðisins.

Tilmæli:

- Flugleiðir inn og út úr friðlandinu á Hornströndum verði með þeim hætti að ekki verði flogið yfir þéttbýliskjarna sumardvalastaða, s.b. Hesteyri við Hesteyrarfjörð, Höfn í Hornvík, Horn í Hornvík, Sæból í Aðalvík, Látra í Aðalvík, Fljótavík eða önnur byggð svæði innan friðlandsins.
- Flugleið innan friðlandsins verði ekki í grennd við búsvæði fugla, þ.e. við Hælavíkurbjarg, Hornbjarg eða Ryt, s.b. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þar sem ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.

- Umhverfisstofnun mælist til að notaðir verði þeir lendingarstaðir innan friðlands sem nú þegar eru í notkun og eru skilgreindir í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, þ.e. Látrar í Aðalvík og Fljótavík.
- Umhverfisstofnun mælist til þess að skilgreind tjaldsvæði verði notuð, komi til þess að starfsfólk gisti innan friðlandsins.
- Umhverfisstofnun mælist til þess að samráð verið haft við landeigendur á svæðinu varðandi fyrirhugaða ljósmynda- og kvikmyndatöku.

Virðingarfyllt

JÓN SMÁRI JÓNSSON

Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur